

Starfsáætlun 2022 – 2023

Samskipti, virðing og samvinna



September 2022

Sólhjört Sigríður Gestsdóttir

Efnisyfirlit

Starfsáætlun.....	3
Skólaárið 2022-2023	3
Uppeldisstefna Arkarinnar	5
Foreldrafélagið.....	6
Samstarf leik- og grunnskóla	7
Könnunaraðferð.....	7
Málvörvun í daglegu starfi.....	9
Símenntun	9
Starfsdagar	Error! Bookmark not defined.
Stoðþjónusta	13
Öryggis og slysavarnarmál.....	14
Starfsmenn	14
Mat á skólastarfi	18
Ytra mat.....	18
Innra mat.....	19
Umbótaáætlun.....	19
Umbótaáætlun 2022-2023.....	20
Viðmið um árangur.....	20
Skóladaगतal 2021-2022.....	22

Starfsáætlun

Samkvæmt lögum um leikskóla 90/2008 kemur fram í 5. mgr. 11. gr. að leikskólastjóra beri að gefa árlega út starfsáætlun leikskóla. Í henni sé gerð grein fyrir starfsemi leikskólans, skóladagatali og öðru er viðkemur starfseminni. Einnig kemur fram að foreldraráð skuli fá hana afhenta til umsagnar áður en hún er staðfest af fjölskyldunefn sveitarfélagsins. Að því búnu skal starfsáætlunin kynnt foreldrum leikskólabarna. Þessi skýrsla hefur að geyma starfsáætlun leikskólans Arkar skólaárið 2022-2023 og er hugsuð sem skýr leiðanísir á því starfi sem fer fram í leikskólanum.

Skólaárið 2022-2023

Skólaárið 2022-2023 verða 100 börn með vistun í leikskólanum frá apríl 2023. Börnin eru flest aðlöguð við 12 mánaða aldur. Nokkur börn hafa flust hingað frá öðrum leikskólum. Við nýtum þátttökuaðlögun við leikskólabyrjun og hefur það reynst vel. Foreldrar eru með barninu fyrstu dagana og hefur reynslan verið sú að bæði börn og foreldrar eru öruggari í aðlögun barns.

Deild	Fjöldi barna	Barngildi	Fjöldi starfsmanna	Stöðugildi
Óskaland	16	4,0 frá 1/3 '23	4	3,7
Draumaland	18	3,44	6	5,8
Ævintýraland	23	3,85	6	5,7
Tónaland	24	3,38	6-7	5,8
Undraland	19	1,8	5	3,8

Óskaland og Draumaland eru í Litla Dímon og Undraland er í færánlegri kennslustofu við Hvolveg. Ævintýraland er staðsett í litla sal og Pálsstofu í Hvolnum og Tónaland er staðsett í félagsmiðstöðinni við Vallabraut.

Af 100 börnum eru 32 börn tvítyngd eða 32% í leikskólanum.

Í vetur starfa hjá okkur :

- 12 kennarar (með leyfisbréf)
- 1 aðstoðarkennari (búinn með 120 ECTS einingar á háskólastigi)
- 1 leikskólaliði
- 1 iðjuþjálfari
- 5 nemar, 3 í leikskólakennarafræðum, 1 í þroskaþjálfarafræðum og 1 nemi í sálfræði
- 12 leiðbeinendur
- 2 starfsmenn í ræstingu
- 1 aðstoð í eldhús

Kjarasamningsbundnir undirbúningstímar eru 3 stöðugildi á viku eða 118 klst. Aðrir starfsmenn fá 1 ½ klst í undirbúning þegar hægt er. Þetta er fyrir utan veikindaafleysingu.

Stytting vinnuviku er óbreytt frá síðasta ári og þá er vikuleg stytting 2 klst á viku sem starfsmenn geta valið um að safna eða taka út vikulega, einnig er svokölluð viðbótarstytting sem allir fá vikulega og geta tekið út í frí.

Markmið Arkar skólaárið 2022-2023 eru:

- að viðhalda starfsgleði í leikskólanum.
- að efla alhliða þroska barna miðað við aldur og þroska hvers barns.
- að stuðla að góðri samvinnu við foreldra.
- að veita börnum hlýju, umhyggju, öryggi og festu.

Við förum bjartsýn inn í skólaárið og vitum að þetta er síðasta skólaárið okkar dreift á milli starfstöðva. Á þessu skólaári ætlum við að vinna að uppfærslu ýmissa áætlanna og ferla innan leikskólans sem hefur ekki verið hægt að vinna við síðustu tvö ár. Við höfum þurft að fresta t.d. uppfærslu á skólanámskrá en nú er stefnt að því að klára þá vinnu í samvinnu við foreldra, starfsfólk og börn. Einnig þarf að vinna að móttökuáætlun fyrir nýtt fólk og aðlaga verkferla að starfi leikskólans eins og það er í dag.

Það að vera dreifð hefur verið áskorun en einnig opnað á tækifæri t.d. til eflingar útikennslu í leikskólanum og hvernig við viljum að hönnun nýs leiksvæðis við nýja leikskólans verður.

Það eru margar áskoranir sem bíða en einnig tækifæri sem við erum opinn fyrir til að efla enn frekar gott starf innan leikskólans.

Uppeldisstefna Arkarinnar

Hugsmíðahyggja er samsafn kenninga um nám. Þar má meðal annars nefna kenningar Jean Piaget og Lev Vygotsky um uppbyggingu þekkingar og einnig kenningu John Dewey um nám á forsendum nemandans og þeirrar reynslu sem hann verður fyrir.

Hugsmíðahyggja er námskenning sem gengur út frá því að þekking sé afurð þess hvernig einstaklingar skapa merkingu úr reynslu sinni. Lögð er áhersla á að námsumhverfið sé opið og sem líkast raunverulegum aðstæðum og nemandinn sé virkur í að byggja upp eigin þekkingu.

Nemendur eru virkir í eigin námi og eru hvattir til að ígrunda, leita lausna, rökræða og læra með því að byggja ofan á fyrri hugmyndir, reynslu og þekkingu. Til þess að ná fram þeim þáttum leggjum við áherslu á leik og könnunaraðferð í hópastarfi og útikennslu. Auk þess sem allt starf okkar miðast við þessa hugmyndafræði.

Námsumhverfi þarf að vera auðugt, námshvetjandi og opið og sem líkast raunverulegu umhverfi. Námsumhverfi þar sem námsferlar eru skipulagðir með aðstoða námkvæmrar markmiðssetningar í námskrá eru í andstöðu við hugsmíðahyggju. Þau markmið sem nemandinn setur sér sjálfur eru mikilvægust og gott námsumhverfi á að ýta undir vilja nemenda til að læra. Námið verður að skipuleggja þannig að gert sé ráð fyrir virkri þátttöku nemenda í uppbyggingu þekkingar. Mikilvægur liður í því að svo verði er að hann hafi áhuga á viðfangsefninu og sjá tilgang í að læra það sem þarf til að leysa verkefnið. Það er mikilvægt að taka tillit til þeirra forþekkingar sem nemandinn hefur í farteskinu við upphaf náms vegna þess að nýja þekkingu tileinkar hann sér og túlkar í ljósi þeirrar þekkingar og reynslu sem hann hefur fyrir. Í þjóðfélagi fjölmennningar er nauðsynlegt að muna eftir þeirri menningabundnu þekkingu sem nemendur búa yfir og leitast við að hjálpa þeim að tengja námið á jákvæðan hátt við sína reynslu í nýju landi og nýrri /öðrvísi menningu.

Megináhersla í starfi kennarans verður að styðja við nemendur. Bæði einstaklingum og hóp nemenda. Kennari þarf að hvetja og leiðbeina þeim við námið á fjölbreyttan hátt. Það gerir kennarinn með því að skapa gott námsumhverfi og vera góð fyrirmynd í bæði viðhorfum til námsins sem og vinnubrögðum sínum. Mikilvægt er að kenna nemendum að þróa með sér fagmannleg vinnubrögð sem námsmenn. Þá er

mikilvægt að kennari skapi andrúmsloft þar sem opinn samræða og skoðanaskipti eru eðlilegur hluti af lærdómi nemenda og þar sem allir hafa rétt í að láta í sér heyra.

Hugmyndir hugsmíðahyggju gera ráð fyrir því að nemandinn sé að byggja upp þekkingu en ekki tileinka sér þekkingu til að geta endursagt hana. Þá verður að beina sjónum að ferlinu en ekki útkomu verkefnis.

Foreldrafélagið

Foreldrafélagið hefur einnig staðið fyrir og fjármagnað ýmsar skemmtanir fyrir börn og foreldra, staðið fyrir fræðsluerindum auk þess sem það færir leikskólanum reglulega gjafir.

Foreldrafélagið veturinn 2021-2022 skipa:

- Andrea Guðlaugsdóttir
- Line Norgaard
- Sigríður Linda Hyström
- Bragi Þór Hansson
- Sverrir Guðmundur Guðmundsson

Tengiliður leikskólastarfsmanna er Sólbjört Sigríður Gestsdóttir

Foreldraráð starfar við leikskólann og er það skipað þremur fulltrúum en einn þeirra er kosinn fulltrúi foreldrafélagsins og myndar þannig tengingu milli þessara nefnda. Tilgangur foreldraráðs er að gefa umsgagnir til leikskóla og nefnda um skólanámskrá og aðrar áætlanir er varða starfsemi leikskóla. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan skólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Einnig situr einn úr ráðinu í Fjölskyldunefnd Sveitafélagsins.

Foreldraráð veturinn 2022 – 2023 skipa:

- Árný Lára Kavelisdóttir, formaður
- Guðbergur Baldursson
- Helga Guðrún Lárusdóttir
- Unnur Lilja Bjarnadóttir

Tengiliður leikskólastarfsmanna er Sólbjört Sigríður Gestsdóttir

Samstarf leik- og grunnskóla

Markmið samstarfs leik- og grunnskóla er að byggja brú þar sem skólastigin mætast og nýta sér það besta sem hitt skólastigið hefur upp á að bjóða. Félagssleg og tilfinningaleg líðan barna, hvað varðar flutning á milli skólastiga, er eitt af lykilatriðum sem hafa áhrif á velgengni og námsárangur í grunnskóla.

Samstarfið er tvíþætt. Annarsvegar er um að ræða heimsóknir á báða bóga og aðlögun leikskólabarnanna að grunnskólanum og hinsvegar eru sameiginleg foreldrafærninámskeið.

Elstu börn leikskólans taka þátt í smiðjum að vori en þá er þeim skipt í hópa ásamt börnum úr 1. bekk og taka þátt í smiðjum vikulega yfir ákveðin tíma. Þau fara í mat í mötuneyti skólans, taka þátt í þemadögum að vori og þeim býðst að taka þátt í ýmsum uppákomum eða sjá t.d. leiksýningar nemenda. Auk þess fara þau vikulega í íþróttahúsið alveg frá hausti og æfa sig í að fara í fataklefan þar og einnig er farið í reglulegar heimsóknir á bókasafnið.

Skólafræðninámskeiðin eru þrjú. Það fyrsta er haldið í leikskólanum og þá er farið yfir áætlun og áherslur vetrarins og fyrirkomulag samstarfsins. Annað námskeiðið er haldið í Hvolsskóla og er þar farið yfir hvaða þættir eru mikilvægir hjá barni sem er að hefja nám í grunnskóla en m.a. er farið yfir mikilvægi lestrarnáms ásamt praktískum atriðum á borð við dagvistun eftir skóla. Þriðja námskeiðið er síðan haldið að vori og er það nokkurskonar uppskeruhátíð haldin í Hvolsskóla. Farið er í leiki í skólanum, litið í skólabækur, farið í ratleik um skólann og svo grillaðar pylsur á eftir.

Eftir sumarfrí ár hvert hefur elsti árgangur leikskólans farið í svokallað skólaskjól og þá mæta börnin í Hvolsskóla ásamt starfsfólki leikskólans. Í ágúst síðastliðinn komu starfsmenn skólaskjól Hvolsskóla og voru með börnunum þessa daga ásamt starfsmanni leikskólans. Það gekk mjög vel og vonandi verður þessi leið áfram.

Sumarhátíð 2022.



Könnunaraðferð

Könnunaraðferðin hentar sérstaklega vel með ungum börnum. Hún er skyld þemaáðferðinni eins og hún er þekkt í íslenskum grunnskólum og leikskólum, en hún tengist einnig námsáðferðinni sem er beitt í anda leikskólanna í Reggio Emilia. Allar þessar stefnur stuðla, hver á sinn hátt, að samvinnu milli nemandi og skapandi starfs.

Könnunaraðferðin (project approach) gengur út á það að tekið er fyrir ákveðið þema eða viðfangsefni og síðan er gerð ítarleg rannsókn á því út frá áhuga barnanna. Viðfangsefnið er venjulega tekið úr umhverfi sem börnin þekkja og það nálgast þannig að það hafi persónulega merkingu fyrir barnið. Viðfangsefnið getur verið ákvarðað hjá börnunum sjálfum eða kennaranum, en það er alltaf eðlislægur áhugi barnanna sem ræður ferðinni. Það er hægt að vinna með þessa aðferð með stóran eða lítinn hóp barna, í lengri eða skemmri tíma. Aðalmarkmið könnunaraðferðarinnar er að þroska huga ungra barna og þá er ekki einungis verið að tala um hæfni og þekkingu, heldur líka um tilfinningalega-, siðferðilega- og fagurfræðilega þætti. Við göngum út frá því hvaða þekkingu barnið hefur og hvernig má efla hana. Við aðstoðum barnið við að afla sér upplýsinga um viðfangsefnið og skilgreinum hugtök þannig að það geri sér grein fyrir tengslum og merkingu viðfangsefnisins. Við hvetjum barnið til að spyrja spurninga og spyrjum barnið opinna spurninga, þannig náum við fram áhuga barnanna og getum æft þau í að styrkja hugsanavenjur sínar.

Í leikskóla erum við mikið að vinna með félagslega færni og könnunaraðferðin er góð leið til að styrkja hana, s.s. með hópavinnu, samræðum, að deila upplýsingum og reynslu og komast að samkomulagi. Félagleg færni gengur m.a. út á að læra að gefa og þiggja, eiga vini, eiga samskipti við aðra og læra að skilja orsök og afleiðingu. Líðan barnsins meðan á vinnu verkefnisins stendur hefur mikil áhrif á hvernig til tekst, þess vegna er mikilvægt að verkefnið höfði til barnanna.

Börnin þurfa að læra að takast á við bæði velgengni og mistök og geta greint frá tilfinningum sínum. Hlutverk kennarans í könnunaraðferðinni er að skipuleggja og framkvæma verkefnið og leiða það áfram á forsendum barnanna.

Kennarinn þarf að vera vakandi fyrir spurningum barnanna, ræða þær hugmyndir sem koma upp og setja fram tilgátu um það sem verið er að athuga. Kennarinn þarf sem sagt að leiða verkefnið, hvetja börnin áfram, styðja þau og fá þau til að nýta þá þekkingu sem þau búa yfir.

Verkefnavinnan skiptis í þrjú hluta sem tákna upphaf, miðju og endi.:

1. hluti:

- Upphaf – það getur verið að lesa bók, skoða myndband, skoða hluti eða annað sem vekur áhuga nemenda.
- Þekkingarvefurinn er búinn til.
- Vinnuspurningar gerðar.
- Bréf um verkefnið sent heim til foreldra

2. hluti:

- Undirbúningur að vettvangsferðum.
- Farið í vettvangsferðir.
- Úrvinnsla vettvangsferðanna (umræður, hlutir, bækur).
- Heimsókn til sérfræðinga eða þeir koma í heimsókn.

3. hluti:

- Uppákoma (sýning) sem sýnir eða miðlar náminu sem hefur átt sér stað. Börnin eru með í því að skipuleggja hvernig það er sett fram.
- Mat á því hvernig til tókst.
- Niðurstaða síðasta verkefnis getur kveikt hugmynd að næsta verkefni

Málvörðun í daglegu starfi

Í leikskólanum er lögð áhersla á að hafa ritmál sýnilegt og eru til dæmis húsgögn og innréttingar merkt, myndrænt dagskipulag er á veggjum, samskiptareglur eru uppi, stólar og sæti í samverustundum á yngri deildum eru merkt með nafni og hólf barna eru merkt með nafni barns og Lubbatákni fyrir mállhljóð fyrsta bókstafs barnsins. Bækur eru ávallt aðgengilegar börnunum og í boði í leik. Skipulag starfsmanna er sýnilegt og börn sjá það í notkun. Leikskólinn Örk og Hvolsskóli unnu sameiginlega lestrarstefnu árið 2019 sem gildir til 2022. Aðalmarkmið útgáfu læsisstefnu Leikskólans Arkar og Hvolsskóla er að bæði starfsmenn sem þar starfa og foreldrar hafi sameiginlega sýn og stefnu til að bæta lestrarfærni nemenda.

Almenn málvörðun í daglegu starfi er eitt af því mikilvægasta sem leikskólinn getur lagt af mörkum í þroska barna. Mikilvægt er að hafa umhverfi í leikskólum mál- og læsishvetjandi og þurfa börnin að hafa aðgang að málvörðunarefni við hæfi hvar og hvenær sem er. Málvörðun þarf

að vera fléttuð inn í allt starf leikskólans og huga þarf að þáttum eins og orðaforða, máltjáningu ásamt hlustun og ritun. Kennarar þurfa að vera vel undirbúnir til að grípa tækifæri til málörvunar þegar þau gefast. Ef málörvun gengur vel kemur það fram í aukinni lífsleikni, bættri líðan og betri námsárangri. Sjá námar hér :

<https://ork.leikskolinn.is/%C3%B6rk/snemmt%C3%A6k%20%C3%ADhlutun%20%C3%AD%20m%C3%A1li%20og%20l%C3%A6si%20-%20leiksk%C3%B3linn%20%C3%B6rk.pdf>



Símenntun

- Ábyrgð skólans: Skólastjóri er ábyrgur fyrir framkvæmd og úrvinnslu símenntunaráætlana. Aðstoðarskólastjóri og aðrir stjórnendur eru skólastjóra til aðstoðar.
- Ábyrgð starfsmanna: Starfsfólk er ábyrgt fyrir eigin símenntun, þ.e. að koma auga á tækifæri til að bæta kunnáttu og hæfileika. Það tekur virkan þátt í gerð eigin símenntunaráætlunar, fylgir henni eftir og óskar eftir aðstoð ef þörf krefur. Það tekur einnig virkan þátt í gerð símenntunaráætlunar skólans. Starfsfólk getur beðist skriflega undan að sækja námskeið á símenntunaráætlun skólans.
- Tímasetningar: Undirbúningur símenntunaráætlunar skólans er á vorönn.
- Tími til símenntunar: Tími til símenntunar ræðst af þörfum og fjármagni hverju sinni.
- Jafnræði til náms: Reynt verður að jafna tækifæri til símenntunar hverju sinni en einnig verður tekið tillit til þátttöku starfsmannsins á fyrri árum.

Síðustu ár hefur sveitarfélagið styrkt sérstaklega starfsmenn sem eru að sækja sér leikskólakennaramenntun. Starfsmenn sækja um styrk og fá greidd laun á meðan þeir sinna stað og verklotum og einnig fá þeir eingreiðslu þegar þeir klára vissan einingafjölda í námi. Þetta hefur hvatt starfsfólk áfram og nú eru 3 starfsmenn að nýta þessa leið til að mennta sig í leikskólakennarafræðum og eru þeir komnir mislangt í náminu.

Menntafléttan eru námskeið fyrir kennara, starfsfólk á vettvangi frítímans og fagfólk sem starfar við menntun. Rauður þráður hennar er að styðja við að námssamfélög blómstri á vinnustöðum þátttakenda. Námskeiðin fléttast saman við daglegt starf og viðfangsefni þeirra eru fest í sessi með því að fylgja einföldum þróunarhring, fjórum skrefum sem byggja á rannsóknum á farsælli starfsþróun. Menntafléttan er samstarfsverkefni Menntavísindasviðs Háskóla Íslands, Háskólans á Akureyri og Kennarasambands Íslands.

Mennta- og barnamálaráðuneytið styrkir Menntafléttuna.

Í leikskólanum eru 12 starfsmenn sem skráðu sig á námskeið í menntafléttunni þetta skólaárið. Fóru þeir m.a. á námskeið um forystu um nám og styðjandi menningu, íslenskuþorp um allt land, fyrstu skrefin í leikskólanum, málörvun með sögum og söng og talaðu við mig : Gæðamálörvun í leikskóla ofl. Hver starfsmaður mætir í kennslustund 6 sinnum yfir veturinn og svo eru samræður og nám á milli kennslustunda. Von okkar er að þetta haldi áfram næstu ár enda mjög þarft fyrir starfsfólk leikskóla til sí eða endurmenntunar.

Starfsdagur eru 7 á þessu skólaári. Þessir dagar eru skipulagðir í samstarfi við Hvolsskóla og er reynt eftir fremsta megni að skipuleggja þá þannig að þeir sér á sömu dögum í báðum skólum til að koma til móts

við foreldra Sjá nánar á skólalagatali leikskólans. Á starfsdögum er starfið skipulagt til styttri og lengri tíma ásamt mati á því starfi sem fram hefur farið. Einnig eru starfsdagar notaðir til að efla starfsfólk með því að fá námskeið og fyrirlestra. Leikskólinn fékk leyfi fyrir auka dag vegna náms og kynnisferðar starfsfólks í apríl 2023.

Starfsdagar skólaárið 2022-2023

Dags.	Námskeið / starfsdagar	Athugasemdir
2. september 2022	Skyndihjálp, starfsmannafundur	Ágúst Leó kennir skyndihjálp. Leikskólanum er skylt að vera með skyndihjálparnámskeið á tveggja ára fresti. Að því loknu er starfsmannafundur þar sem starfvetrar er skipulagt.
14. október 2022	Haustþing kennara á Selfossi	Starfsmenn geta valið um eftirfarandi námskeið. <ol style="list-style-type: none"> 1. Hinseginn, kynseginn, 2. Svefn og svefnvandi 3. Farsæld barna í leikskólastarfi 4. Dyggðakort í leikskóla 5. Glens og gleði með kennsluáðferðum leiklistar Eftir hádegi verður fyrirlesturinn „frábært stress“
10. nóvember 2022	Fyrri hluti námskeiðs í jákvæðum aga	Jónína Hauksdóttir mun vera með innleiðingarnámskeið í jákvæðum aga.
2. janúar 2023	Deildarfundir	Starfsmenn vinna af sér þennan dag með deildarfundum eftir að hefðbundnum vinnutíma lýkur.
13. febrúar 2023	Seinni hluti námskeiðs í jákvæðum aga	Jónína Hauksdóttir mun vera með innleiðingarnámskeið í jákvæðum aga.
19. apríl 2023	Náms og kynnisferð til Hollands	Lögð verður áhersla á að skoða skapandi starf og útikennslu í leikskóla
21. apríl 2023	Náms og kynnisferð til Hollands	Lögð verður áhersla á að skoða skapandi starf og útikennslu í leikskóla
2. júní 2023	Starfsmannafundur	Starfvetrar endurmetið. Undirbúningur fyrir flutninga í nýtt húsnæði leikskólans.

Stoðþjónusta

Félags- og skólaþjónusta Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu sér um stoðþjónustu til leikskólans og til sveitarfélaganna í kring. Þar hefur leikskólinn aðgang að leikskólaráðgjafa, sálfræðingi og talmeinafræðingi.

Leikskólaráðgjafi veitir ráðgjöf til skólustjóra, kennara og annars starfsfólks leikskólans, bæði um inntak og skipulag í þeim tilgangi að efla skólann stöðugt í starfi. Hann veitir ráðgjöf og stuðning varðandi líðan, nám og þroskastöðu, félagsfærni og hegðun. Leikskólaráðgjafi situr m.a. í teyimum um málefni einstaklinga og aðstoðar við gerð einstaklingsnámskráa barna og nemenda með sérþarfir eftir óskum þar um.

Yfirmaður sérkennslu gerir m.a. einstaklingsnámskrár í samstarfi við foreldra og starfsmenn leikskólans, metur reglulega framfarir barnanna samhliða þörf og eðli íhlutunar sérkennslunnar. Unnið er samkvæmt einstaklingsnámskrá barnsins við þær aðstæður sem taldar eru tryggja bestan árangur hverju sinni. Ýmist er unnið í hópum, einstaklingslega eða í fámennum leikhópum. Lögð er áhersla á að sinna sem mestri íhlutun á deildum.

Ráðgjafadagar munu vera áfram í fjárfundabúnaði en þar geta foreldrar og starfsfólk óskað eftir viðtali við sálfræðing um þau mál sem brenna á þeim vegna barna.

Síðasta vetur hófum við að vera með svokallaða nemendarverndarráðsfundi þar sem fulltrúar skólaþjónustu, heilsugæslu, félagsþjónustu og leikskólans funduðu saman um málefni barna. Þetta er hluti af því að uppfylla lög um farsæld barna sem verið er að innleiða. Með þessu er verið að bregðast við því að börn, foreldrar og starfsfólk þurfi ekki að fara á milli kerfa. Þannig næst betri samfella í allri íhlutun og ráðgjöf til allra.

Í leikskólanum er áhersla lögð á að hefja markvissa íhlutun/sérkennslu um leið og grunur um frávik

vaknar eða þörf er talin vera á viðbótarkennslu. Í mörgum tilfellum þurfa börn tímabundna íhlutun en

síðan eru önnur börn sem þurfa úrræði til lengri tíma.

Öryggis og slysavarnarmál

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands kemur einu sinni á ári í reglubundna skoðun á húsakynnum skólans.

Öryggismiðstöðin sér um að vakta brunakerfi leikskólans.

Innra eftirlit á leikvelli fer fram í daglegri yfirlitsskoðun. Tilgangur hennar er að greina strax hættur sem geta stafað af skemmdarverkum, notkun, sliti eða veðrun.

Samkvæmt öryggiskröfum frá vinnueftirliti eru öryggistrúnaðarmaður og öryggisvörður kosnir úr hópi starfsfólks.

Hlutverk þeirra er að gæta að þáttum tengdum öryggi og vellíðan á vinnustað. Framkvæmt er áhættumat sem nýtt er til endurbóta á starfi og umhverfi leikskólans.

Unnið er að öryggishandbók fyrir starfsemi leikskólans og verður henni lokið á þessu skólaári. Endurskoðun mun svo fara fram reglulega af öryggisnefnd leikskólans en í þeirri nefnd sitja skólastjóri, öryggisvörður og öryggistrúnaðarmaður.

Á síðasta skólaári var öryggishandbók unnin ásamt áhættumati starfa í leikskólanum. Starfsmenn Verkís voru starfsfólki innanhandar við gerð handbókarinnar.

Útskriftarárgangur 2016



Starfsmenn

Síðasta vetur var lögð áhersla á starfsánægju starfsfólks. Í vetur verður haldið áfram með þá vinnu. Meginviðfangsefni heilsueflandi leikskóla þennan veturinn er geðrækt. Betri kynning á heilsueflandi leikskóla verður kynnt þegar líða tekur á skólaárið.

Á meðan við verðum á fleiri starfsstöðvum vegna húsnæðisvanda þá munum við halda áfram að efla og hvetja starfsfólk áfram. Það verður gert með stuttum nafnlausum könnunum þar sem spurt verður um starfsánægju starfsfólks. Með þessum könnunum vonum við að ná fyrir utan um starfsfólk ef vart verður við óánægju eða að starfsfólki líði ekki sem best í starfi.

Í kjarasamningum er kveðið á um styttingu vinnuviku og munum við halda áfram með sömu styttingu og síðasta skólaár þ.e. 2 klst á viku ásamt því að starfsfólk safnar 1 klst í svokallaða viðbótarstyttingu. Viðbótarstytting er hugsuð fyrir þá sem þurfa að vera frá vinnu lengur en vikulega styttinginn og fólk getur sótt um á rafrænu eyðublaði sem sent er til leikskólastjóra.

Nefndir og ráð 2022-2023

Trúnaðarmaður KÍ	Árný Jóna Sigurðardóttir
Trúnaðarmaður FOSS	Sigríður Lóa Gissurardóttir
Öryggistrúnaðarvörður	Hildur Tryggvadóttir
Öryggistrúnaðarmaður	Justyna Lis Nogal
Öryggisnefnd	Justyna Lis Nogal Hildur Tryggvadóttir Sólbjört Sigríður Gestsdóttir
Heilsueflinganefnd Leikskólans	Anna Margrét Aðalsteinsdóttir Gréta Helgadóttir Árný Jóna Sigurðardóttir Valborg Jónsdóttir: Verkefnastjóri Anna Kristín Helgadóttir: næringafulltrúi
Áfallaráð	Sólbjört Sigríður Gestsdóttir Andrea Hrunn Bjarnadóttir Unnur Óskarsdóttir
Jafnréttisnefnd	Valborg Jónsdóttir Þóra Sigurborg Guðmannsdóttir Leó Snær Konráðsson
Skólanámsskrárnefnd	Sólbjört Sigríður Gestsdóttir Unnur Óskarsdóttir Karítas Björg Tryggvadóttir Þóra Sigurborg Guðmannsdóttir

Skemmtinefnd	Póra Sigurborg Guðmannsdóttir Eyrún Elvarsdóttir Justyna Bronisewska Þórey Þorkelsdóttir
Ferða og fjáröflunarnefnd	Unnur Óskarsdóttir Anna Kristín Helgadóttir Sólbjört Sigríður Gestsdóttir
Áheyrnafulltrúi í Fjölskyldunefnd	Eyrún Elvarsdóttir
Tengiliður foreldraráð/foreldrafélag leikskóla	Sólbjört Sigríður Gestsdóttir
Fagfundir KÍ	Allir starfsmenn KÍ/með aðra háskólamenntun
Fundir með leiðbeinendum	Allir starfsmenn Foss
Þróunarverkefni Leikskólans Snemmtæk inlutan í máli og læsi	Sólbjört Sigríður Gestsdóttir Gréta Helgadóttir Anna Kristín Helgadóttir Árný Jóna Sigurðardóttir Harpa Sif Þorsteinsdóttir
Heilsueflandi samfélag nefnd á vegum sveitafélagsins.	Valborg Jónsdóttir
Tengiliður v/barnvænt samfélag	Valborg Jónsdóttir
Vinnustyttingarnefnd	Árný Jóna Sigurðardóttir Sigríður Lóa Gissurardóttir Valborg Jónsdóttir

Starfsmenn deilda skólaárið 2022-2023

Tónaland	Starfshlutfall	Starfsheiti
Harpa Sif Þorsteinsdóttir	100%	Deildarstjóri
Stefán Bjarki Smáráson	100%	Leiðbeinandi
Hildur Tryggvadóttir	100%	Leiðbeinandi, nemi
Anna Margrét Aðalsteinsdóttir	38%	Leiðbeinandi
Justyna Lis	100%	Kennari
Þórey Þorkelsdóttir	50%	Leiðbeinandi
Þórdís Ósk Ólafsdóttir	100%	Leiðbeinandi

Undraland	Starfshlutfall	Starfsheiti
Árný Jóna Sigurðardóttir	100%	Deildarstjóri
Sarah Maagaard Nielsen	50%	Leiðbeinandi
Helga Kristín Sigurbjörnsdóttir	80%	Leiðbeinandi, nemi
Ásta Sveinbjörnsdóttir	50%	Leiðbeinandi
Þórunn Jónsdóttir	100%	Kennari

Ævintýraland	Starfshlutfall	Starfsheiti
Unnur Óskarsdóttir /Valborg Jónsdóttir til 1. Október 22	100%	Deildarstjóri
Leó Snær Konráðsson	100%	Leiðbeinandi, nemi
Eyrún Elvarsdóttir	100%	Leiðbeinandi, nemi
Elfa Bára Sigurðardóttir	100%	Leiðbeinandi
Justyna Broniszewska	100%	Kennari
Andrea Hrund Bjarnadóttir	100%	Aðstoðarleikskólakennari
Högni Þór Þorsteinsson	75%	Leiðbeinandi

Óskaland	Starfshlutfall	Starfsheiti
Anna Kristín Helgadóttir	100%	Deildarstjóri
Emese Daszkiewicz-Gönczy	100%	Starfsmaður með aðra háskólamenntun
Olga Vasseljeva	100%	Leiðbeinandi
Helga Bergsdóttir	75%	Kennari

Draumaland	Starfshlutfall	Starfsheiti
Karítas Björg Tryggvadóttir	100%	Deildarstjóri, nemi
Vera Lucia Abranja dos Santos	100%	Leiðbeinandi
Sigríður Lóa Gissuraradóttir	100%	Leiðbeinandi
Ana Lucia Abranja Moita	80%	Leiðbeinandi
Marzena Danuta Sobocka	100%	Kennari
Judith Jónsdóttir	100%	Leiðbeinandi

Stjórnun, sérkennsla og eldhús	Starfshlutfall	Starfsheiti
Valborg Jónsdóttir	100%	Aðstoðaskólastjóri
Sólbjört Sigríður Gestsdóttir	100%	Skólastjóri
Gréta Helgadóttir	70%	Yfirmaður sérkennslu
Þóra Sigurborg Guðmannsdóttir	100%	Deildarstjóri útikennslu og verkefnastjóri á uppfærslu skólanámskrár
Weronika Daszkiewicz	50%	Ræsting
Gabriela Koper	50%	Ræsting
Bernard Cyganik	100%	Aðstoð í eldhúsi

Fæðingarorlof / leyfi	Starfshlutfall	Starfsheiti
Anika Katharina Wiest	75%	Iðjuþjálfari

Mat á skólastarfi

Unnið hefur verið að matsáætlun undanfarinn ár og hafa leikskólastjórar á svæðinu unnið sameiginlega að matskerfi og könnunum fyrir foreldra og starfsfólk. Þeir þættir sem líta þarf til og eru mikilvægir í starfsmannakönnun eru: stefnumótun, stjórnun, starfsþróun, jafnrétti/jafnræði, starfsandi, vinnuaðstaða, álag og áreiti. Í foreldrakönnunum er mikilvægt að skoða samskipti, aðbúnað, upplifun foreldra, líðan barna og foreldra og aukið upplýsingaflæði milli heimilis og skóla.

- Starfsmannakönnun að hausti og vori
- Könnun fyrir nýja foreldra um hvernig aðlögun gekk (4-6 viku eftir aðlögun)
- Foreldraviðtöl að hausti og vori
- Tengslahringur haust og vor – starfsmenn fylla út
- Viðtöl við börnin að vori
- Fagfundir einu sinni í mánuði
- Fundir með leiðbeinendum fjórum sinnum þetta skólaárið
- Deildarfundir - unninn afsér starfsdagur með fundum eftir hefðbundinn vinnutíma
- Deildarstjórafundir í hverri viku
- Heilsueflandi leikskóli – teymi sem heldur utan um þá vinnu. Þetta skólaárið verður unnið með geðrækt í starfi leikskólans
- Innleiðing á handbók um snemmtæka íhlutun og máli og læsi.
- Uppfærsla á skólanámskrá leikskólans

Ytra mat

Á hverju ári er lögð fyrir foreldrakönnun þar sem foreldrar meta ýmsa þætti í skólastarfi leikskólans t.d. aðbúnað, samskipti við starfsmenn ofl.

Á þessu skólaári verður starfsmannakönnun um ýmsa þætti er snúa að vellíðan í starfi, vinnuaðstæður ofl.

Innra mat

Skýlda leikskólans er að meta skólastarf og er markmið með innra mati á leikskólastarfi að stuðla að bættu starfi leikskóla og veita upplýsingar um hvort starfsemi leikskólans sé í samræmi við lög, reglugerðir og aðalnámskrá leikskóla. Mat á námi, þroska og velferð barna felur í sér að upplýsingum er safnað um það sem börn fást við og hafa áhuga á; hvað þau vita, geta og skilja. Upplýsingarnar eru notaðar til að styðja nám og velferð barna við skipulagningu leikskólastarfsins og í samstarfi við foreldra. Markmið með mati er að auka þekkingu og skilning kennara og annars starfsfólks á þroska barna, námi og líðan.

Námsmat barna :

- TRAS skimunartæki á málþroska 2-5 ára barna
- Hljóm-2 greiningartæki sem kannar hljóðkerfisvitund elstu barna leikskólans
- Íslenski smábarnalistinn
- Íslenski þroskalistinn – ef
- EFI- 2
- Starfsmenn meta starf deildar á deildarfundum.
- Ferilmöppur barna

Umbótaáætlun

Í byrjun skólaárs var matsteymi stofnað innan leikskólans og í því teymi eru skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, deildarstjórar og yfirmaður sérkennslu.

Skólastjóri ber ábyrgð á gerð umbótaráætlunar fyrir leikskólann, sérkennslustjóri ber ábyrgð á umbótaáætlun fyrir sérkennslu og deildarstjórar bera ábyrgð á umbótaáætlun fyrir sínar deildar.

Áætlað er að matsteymi fundi reglulega ásamt því að nýta deildarfundi, fagfundi, fundi með leiðbeinendum og að sérkennslustjóri kalli fólk til fundar eftir þörfum.

Það sem matsteymið ætlar að meta þetta skólaárið eru

1. Stjórnun
2. Uppeldis og menntastarf
3. Mannauður
4. Leikskólabragur
5. Innra mat

Umbótaáætlun 2022-2023

	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið / aðgerðir	Viðmið um árangur
Stjórnun							
Faglegt samstarf	Allt samstarf og samskipti séu lýðræðisleg og uppbyggileg	Starfsmannasáttmáli og starfsmannastefna leikskólans	Allt starfsfólk	Ágúst 2022	Á alltaf við	Starfsmannakannanir reglulega. Skráningar á starfsmannafundum og starfsþróunarsamtöl við starfsfólk	Að niðurstöður úr könnunum sýni 90% ánægja með allt samstarf og samskipti séu lýðræðisleg og uppbyggileg
Skipulag náms og námsaðstæður	Hugað að bættri vinnuaðstöðu starfsfólks til undirbúnings, samráðs og funda	Flytja í nýtt húsnæði á komandi skólaári en huga að starfsaðstæðum þangað til.	Skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og deildarstjórar	Ágúst 2022	Á alltaf við	Vinnueftirlit og reglugerð um starfsaðstæður í leikskólum	Að vinnuaðstaða samræmist viðmiðum vinnueftirlits og reglugerðum um starfsaðstæður í leikskólum
Uppeldis og menntastarf							
Skipulag náms og námsaðstæður	Lögð er áhersla á að íhlutun fari sem mest fram í daglegu starfi og leik	Málörvun og önnur íhlutun fer mest fram inni á deildum	Yfirmaður sérkennslu og deildarstjórar	Ágúst 2022	Alltaf í gangi	Með skráningu	Að á hverjum degi fari málörvun fram inni á deildum í smærri hópum
Leikskóli án aðgreiningar / leikskóli margbreytileikans	Farið er eftir ákveðnu ferli ef grunur vaknar um frávik hjá barni og eru þeir skýrir og aðgengilegir bæði starfsfólki og foreldrum	Verkferill þegar grunur vaknar um frávik er sýnilegur deildarstjórum og kynntur öllu starfsfólki. Verkferill er kynntur öllu nýju starfsfólki og er aðgengilegur á heimasíðu leikskólans	Skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, yfirmaður sérkennslu og deildarstjórar	Ágúst 2022	Alltaf í gangi	Með fundum yfirmanns sérkennslu og starfsfólks þar sem verkferill er kynntur t.d. starfsmannafundur	að allir starfsmenn og foreldrar séu kunnugir því ferli sem fer af stað þegar grunur vaknar um frávik barns

Mannauður							
Starfsánægja	Stuðla að ánægjulegum samskiptum starfsfólks í leikskólanum	Samskiptasáttmáli og starfsmannastefna leikskólans	Allir	Ágúst 2022	Á alltaf við	Starfsmannakannanir, starfsmannafundir, fagfundir, fundir með leiðbeinendum og starfsmannasamtöl	Að niðurstöður úr könnunum sýni 90% starfsánægju með samskipti og samstarf
Innra mat							
Skipulag og viðfangsefni	Í skólanámskrá sé fjallað um hvernig markmið leikskólans eru metin	Skrifa upp texta um markmið og hvernig þau eru metin og bæta honum inn í skólanámskránnu	Skólanámskrárnefnd	Ágúst 2022	Febrúar 2023	Að sjá þessu bætt inn í uppfærslu á skólanámskrá	Að umfjöllun um mat á markmiðum leikskólans sé kominn í skólanámskránnu
Skipulag og viðfangsefni	Fyrir hvert markmið séu skilgreind viðmið um þann árangur sem stefnt er að	Fara yfir markmið leikskólans og bæta þeim inn í innra mats áætlun	skólanámskrárnefnd	Ágúst 2022	Febrúar 2023	Að sjá þessu bætt inn í uppfærslu á skólanámskrá	Í námskrá komi skýrt fram skilgreind viðmið um þann árangur sem stefnt er að
Opinber birting og umbætur							
	Í greinagerð um innra mat sé greining á styrkleikum og tækifærum til umbóta	Búa til greinagerð um innra matið og muna að gera það alltaf þegar niðurstöður úr því liggja fyrir	Skólastjóri	Ágúst 2022	Á alltaf við	Bæta inn í námskrá greinagerð um innra mat og niðurstöður um styrkleika og tækifæri til úrbóta	Í skólanámskrá komi greinagerð um innra mat og niðurstöður um styrkleika og tækifæri til umbóta
	Að niðurstöður úr innra mati séu formlega kynntar helstu hagsmunaaðilum	Búa til greinagerð um innra mat og hvernig þær eru birtar helstu hagsmunaaðilum	Skólastjóri	Ágúst 2022	Febrúar 2023	Bæta inn í námskrá greinagerð um innra mat og hvernig þær eru kynntar helstu hagsmunaaðilum.	Í námskrá komi greinagerð um innra mat og hvernig þær eru kynntar hagsmunaaðilum.

Skóladagatal 2022-2023

Samband íslenskra
sveitarfélaga

Leikskóladagatal 2022 - 2023

Nafn skóla: Leikskólinn Ör

	ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MÁI	JÚNÍ	JÚLÍ
1 M	Fridagur verslunarm	1 F	1 L	1 Þ	1 F Fullveldisdagurinn	1 S Nýársdagur	1 M	1 M	1 L	1 M Verkalýðsdagurinn	1 F Opið hús	1 L
2 Þ		2 F Starfsdagur	2 S	2 M	2 F	2 M Starfsdagur	2 F	2 F	2 S Pálmásunnudagur	2 Þ	2 F Starfsdagur	2 S
3 M		3 L	3 M Fjölmenningsvika	3 F	3 L	3 Þ	3 F	3 F	3 M	3 M	3 L	3 M Sumarfrí
4 F		4 S	4 Þ	4 F	4 S	4 M	4 L	4 L	4 Þ	4 F	4 S Sjómannadagurinn	4 Þ
5 F		5 M	5 M	5 L	5 M	5 F	5 S	5 S	5 M	5 F	5 M	5 M
6 L		6 Þ	6 F	6 S	6 Þ	6 F Þrettándinn	6 M Dagur leikskólans	6 M	6 F Skírdagur	6 L	6 Þ	6 F
7 S		7 M	7 F Foredrakaffi kl 14-15.3	7 M	7 M	7 L	7 Þ Dagur tónlistarskólans	7 Þ	7 F Föstudagurinn lang	7 S	7 M	7 F
8 M		8 F Dagur læsis	8 L	8 Þ Baráttudagur gegn	8 F	8 S	8 M	8 M	8 L	8 M	8 F	8 L
9 Þ		9 F	9 S	9 M	9 F	9 M Ljós og skuggar	9 F	9 F	9 S Páskadagur	9 Þ	9 F	9 S
10 M		10 L	10 M	10 F	10 L	10 Þ	10 F	10 F	10 M Annar í páskum	10 M	10 L	10 M
11 F		11 S	11 Þ	11 F Starfsdagur	11 S	11 M	11 L Dagur íslenska tákra	11 L	11 Þ	11 F	11 S	11 Þ
12 F		12 M	12 M	12 L	12 M Kirkjuferð	12 F	12 S	12 S	12 M	12 F	12 M	12 M
13 L		13 Þ	13 F	13 S	13 Þ	13 F	13 M Starfsdagur	13 M	13 F	13 L	13 Þ	13 F
14 S		14 M	14 F Haustþing	14 M	14 M	14 L	14 Þ	14 Þ Dagur stærðfræðinn	14 F	14 S	14 M	14 F
15 M	Opnum klukkan 10:	15 F	15 L	15 Þ	15 F Jólabbal	15 S	15 M	15 M	15 L	15 M	15 F Útskriftarferð	15 L
16 Þ		16 F Dagur íslenskrar ná	16 S	16 M Dagur íslenskrar tu	16 F	16 M	16 F	16 F	16 S	16 Þ	16 F	16 S
17 M		17 L	17 M	17 F	17 L	17 Þ	17 F	17 F Ömmu og afakaffi	17 M	17 M	17 L Lyðveldisdagurinn	17 M
18 F		18 S	18 Þ	18 F	18 S	18 M	18 L	18 L	18 Þ	18 F Uppstigningardagur	18 S	18 Þ
19 F		19 M Foreldrakynning	19 M	19 L	19 M	19 F	19 S Konudagur	19 S	19 M Starfsdagur	19 F	19 M	19 M
20 L		20 Þ Foreldrakynning	20 F	20 S Dagur mannréttinda	20 Þ	20 F Bóndagur / Þorrablót	20 M Bolludagur	20 M	20 F Sumardagurinn fyrst	20 L	20 Þ	20 F
21 S		21 M Foreldrakynning	21 F	21 M	21 M	21 L	21 Þ Sprengidagur	21 Þ	21 F Starfsdagur	21 S	21 M	21 F
22 M		22 F	22 L Fyrsti vetrardagur	22 Þ	22 F	22 S	22 M Öskudagur	22 M	22 L	22 M	22 F	22 L
23 Þ		23 F	23 S	23 M	23 F Þorláksmessa	23 M	23 F	23 F	23 S	23 Þ	23 F	23 S
24 M		24 L	24 M	24 F	24 L Aðfangadagur jóla	24 Þ	24 F	24 F	24 M	24 M	24 L	24 M
25 F		25 S	25 Þ	25 F	25 S Jóladagur	25 M	25 L	25 L	25 Þ	25 F Úskrift elstu barna	25 S	25 Þ
26 F	Þriðtadagur	26 M Foreldrakynning /e	26 M	26 L	26 M Annar í jólum	26 F	26 S	26 S	26 M	26 F	26 M	26 M
27 L		27 Þ Foreldrakynning	27 F	27 S	27 Þ	27 F	27 M	27 M	27 F	27 L	27 Þ	27 F
28 S		28 M	28 F Bangsadagur	28 M	28 M	28 L	28 Þ	28 Þ	28 F	28 S Hvítasunnudagur	28 M	28 F
29 M		29 F	29 L	29 Þ	29 F	29 S		29 M	29 L	29 M Annar í Hvítasunnu	29 F	29 L
30 Þ		30 F	30 S	30 M	30 F	30 M		30 F	30 S	30 Þ	30 F Lokar klukkan 14:00	30 S
31 M			31 M		31 L Gamliársdagur	31 Þ		31 F		31 M		31 M Opnum 8. ágúst